



# **GJÖRGÆSLA**

## **UPPLÝSINGAR**

---

# GJÖRGÆSLA

UPPLÝSINGAR FYRIR

AÐSTANDENDUR

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS  
GJÖRGÆSLUDEILD  
V/HRINGBRAUT

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI - HÁSKÓLASJÚKRAHÚS  
GJÖRGÆSLUDEILD  
FEBRÚAR 1992 - FYRSTA ÚTGÁFA  
FEBRÚAR 2001 - ÖNNUR ÚTGÁFA

HÖFUNDAR:

LOVÍSA BALDURSDÓTTIR OG  
RAGNHEIÐUR ALFREÐSDÓTTIR

UMSJÓN:

LOVÍSA BALDURSDÓTTIR, HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

YFIRFARIÐ AF:

INGIBJÖRGU INGADÓTTUR, FULLTRÚA  
HJÚKRUNARDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

LJÓSMYNDIR:

KRISTJÁN LOGASON

EFTIRPRENTUN ÓHEIMIL ÁN SAMRÁÐS VIÐ HÖFUNDA

## KÆRU AÐSTANDENDUR

Í þessum bæklingi eru nokkrar hagnýtar upplýsingar um starfsemi á gjörgæsludeild I og gjörgæsludeild II, öðru nafni Vöknun, á Landspítala við Hringbraut.

Á gjörgæsludeild I er rými fyrir 10 sjúklinga á þremur einbýlis- og tveimur fjölbýlisstofum. Hjá okkur dvelja sjúklingar sem þarfnast flókinnar hátækni-meðferðar og stöðugs eftirlits í lengri eða skemmri tíma. Deildin þjónar landinu öllu og er sérhæfð í meðferð brunasjúklinga og sjúklinga sem fara í aðgerðir á brjóstholi, svo sem hjarta-og lungnaaðgerðir.

Á gjörgæsludeild II (Vöknun) dvelja sjúklingar sem koma úr aðgerð og þurfa nákvæmt eftirlit en einungis í nokkrar klukkustundir eða fyrstu nóttina eftir aðgerð.



## HJÚKRUN OG MEÐFERÐ

Hjá okkur eru allir sjúklingar tengdir við ýmis konar tæki sem auðvelda allt eftirlit og gera meðferðina öruggari. Til dæmis skammta vökvadælu sjúklingi vökva og lyf, og hjartarafsjá telur púls (hjartsláttarhraða) og mælir blóðþrýsting. Önnur tæki geta unnið fyrir líffæri sem ekki starfa eðlilega eða eru óvirk. Má þar nefna öndunarvél og nýrnavél.

Þegar sjúklingur er tengdur öndunarvél liggur mjúk slanga (barkaslanga) niður öndunarvegin og er lofti blásið um hana til lungna. Barkaslangan liggur milli raddbandanna og þess vegna getur sjúklingurinn hvorki talað né gefið frá sér önnur hljóð. Það er þó mjög mikilvægt að tala við sjúklinginn og snerta hann og láta hann vita af nærveru sinni. Við gerum alltaf ráð fyrir að sjúklingurinn heyri í okkur jafnvel þó að hann virðist vera meðvitundarlaus. Heyrn er oft til staðar, þó svo að meðvitund virðist vera lítil. Það að heyra kunnuglega rödd og finna nálægð og snertingu annars einstaklings og sérstaklega einhvers nákomins, veitir sjúklingi mikla öryggiskennd. Sé sjúklingur með meðvitund er best að tala við hann þannig að hann þurfi að svara sem minnst, helst bara með því að hreyfa höfuðið til merkis um já eða nei. Ef sjúklingur er fær um að skrifa er hægt að aðstoða hann við það.

Það er mikilvægt að þú vitir að til að tryggja öryggi sjúklinga stillum við tækin á þann hátt að þau gefa frá sér aðvörunarhljóð. Aðvörunarhljóð þýðir alls ekki að hætta sé á ferðum heldur einungis að ástand sjúklings hafi farið út fyrir þau viðmiðunarmörk sem við höfum stillt tækið inn á. Þrátt fyrir þetta skiljum við aldrei ósjálfbjarga sjúkling eftir einan inni á sjúkrastofunni. Það er alltaf einhver okkar inni hjá honum.

Sjúklingur má gjarnan hafa hjá sér persónulega muni sem honum eru kærir t.d. myndir, segulbandsspólur eða geisladiska með sinni uppáhaldstónlist, svo og snyrtiáhöld ef hann eða aðstandendur óska.

Þegar sjúklingur dvelur lengi á deildinni reynum við að koma því í kring að hann hafi sem oftast sömu hjúkrunarfræðingana til að annast sig.



## BÖRN Á GJÖRGÆSLUDEILD

Þegar barn leggst inn á deildina er mikilvægt að foreldri eða einhver nákominn sé hjá barninu ef það er með meðvitund.

Æskilegt er að aðstandendur skiptist á að sitja hjá barninu til að þeir ofþreyti sig ekki og að þeir hvílist heima (eða utan spítalans) eftir því sem tök eru á.

Við viljum leggja áherslu á að mikilvægt er að gleyma ekki systkinum sem oft eiga mjög erfitt og finnst þau vera afskipt og útundan. Við aðstoðum ykkur gjarnan við að veita systkini/systkinum stuðning.

## HEIMSÓKNIR OG LÍÐAN SJÚKLINGA

Enginn ákveðinn heimsóknartími er á deildinni. Heimsóknir barna og fullorðinna eru frjálssar og fara eftir óskum og þörfum sjúklunga, í samráði við hjúkrunarfræðinga. Þó ber að geta þess að fram að hádegi fer fram aðhlynning

sjúklinga, svo og flestar rannsóknir, þannig að heimsóknir eru ekki æskilegar á þeim tíma nema í einstaka tilfellum. Þegar þú kemur í heimsókn viljum við biðja þig um að nota dyrasímann fyrir framan deildina og tilkynna komu þína í hvert skipti sem þú kemur. Ennfremur biðjum við þig um að þvo hendurnar með sápu og spritta þær síðan, en það er nauðsynlegt til þess að draga úr sýkingarhættu. Við fylgjum þér síðan inn til sjúklingsins.

Það fer eftir aðstæðum hverju sinni hversu margir geta verið í einu inni á stofunni hjá sjúklingnum. Við veitum upplýsingar um líðan sjúklinganna allan sólarhringinn. Æskilegt er að aðstandendur komi sér saman um einn eða tvo úr sínum hópi sem tengiliði við hjúkrunarfræðinga deildarinnar. Tengiliðirnir miðla síðan upplýsingum til annarra í fjölskyldunni. Við viljum biðja aðstandendur um að hringja ekki á þeim tíma sem vaktaskipti og skýrslugerð stendur yfir, en vaktaskipti eru á eftirfarandi tímum;

08:00-08:30

15:30-16:00

23:00-23:30

Ef ástand sjúklings versnar, hvort heldur er að degi eða nóttu munum við láta nánasta aðstandanda (tengilið) vita.



## ÚTSKRIFT SJÚKLINGA AF GJÖRGÆSLUDEILD

Sjúklingurinn útskrifast af gjörgæslunni þegar hann þarf ekki lengur hátækniþjónustu og stöðugt eftirlit. Sjúklingur og aðstandendur upplifa oft kvíða, óöryggi og jafnvel reiði vegna flutnings úr öruggu umhverfi gjörgæsludeildarinnar.

Það er mikilvægt að aðstandendur geri sér grein fyrir að flutningur í umhverfi sem er minna tæknivætt og með annars konar eftirliti en á gjörgæsludeild er jákvæður þáttur í endurhæfingu og aðlögun sjúklingsins að lífinu á ný.

## AÐSTAÐA OG STUÐNINGUR VIÐ AÐSTANDENDUR

Á deildinni er hvíldarherbergi fyrir aðstandendur. Við viljum benda heimsóknargestum á að skilja aldrei verðmæti eftir í herberginu. Þar er sími og er hægt að hringja öll innanlandssímtöl þaðan með því að velja 0 fyrst, og fá þannig línu út.

Þeir aðstandendur sem óska þess að borða í matsal geta fengið miða hjá okkur, sem veitir þeim heimild til að borða þar á kostnaðar verði. Í herberginu er einnig ísskápur fyrir aðstandendur.

Við viljum benda aðstandendum á að Landspítali-háskólasjúkrahús er reyklus staður.

Mikilvægt er að aðstandendur gæti þess að þeir sjálfir fái næga hvíld og næringu. Þannig eru þeir best í stakk búnir til að styðja við hinn sjúka.

Læknar og hjúkrunarfræðingar eru ávallt tilbúnir að ræða við aðstandendur, veita þeim upplýsingar og ráðleggingar. Við spítalann eru starfandi prestar og djákni sem eru reiðubúnir að koma og ræða við sjúkling og aðstandendur og/eða biðja fyrir sjúklingi á hvaða tíma sólarhrings sem er. Einnig veita þeir, ásamt hjúkrunarfræðingum og læknum, aðstandendum áfallahjálþ þegar um slys eða skyndileg áföll er að ræða. Við hvetjum aðstandendur til að þiggja þann stuðning.

Aðstandendur og sjúklingar geta ennfremur fengið viðtal við félagsráðgjafa spítalans. Ef óskað er eftir þjónustu eða stuðningi frá presti utan sjúkrahússins eða annarra aðila en hér eru nefndir, þá er það velkomið.



Við biðjum þig um að gæta þagmælsku varðandi það sem þú sérð og heyrir um sjúklinga deildarinnar.

Að lokum viljum við hvetja þig til þess að taka þátt í umönnun ástvinar þíns eftir því sem aðstæður leyfa og þú treystir þér til.

Einnig hvetjum við þig til að láta í ljós skoðanir þínar, tilfinningar og óskir varðandi þá umönnun og meðferð sem ástvinur þinn fær.

Við óskum ástvini þínum,  
þér og þinni  
fjölskyldu velfarnaðar

Starfsfólk  
Gjörgæsludeildar



## STARFSFÓLK GJÖRGÆSLUDEILDAR HEFUR EFTIRFARANDI ATRÍÐI AÐ LEIÐARLJÓSI Í SÍNUM STÖRFUM:

- Að veita sjúklingi og ástvinum hans bestu mögulega þjónustu, byggða á þekkingu, umhyggju og kærleika.
- Að virða sérhvern skjólstæðing.
- Að virða rétt sérhvers skjólstæðings til ákvarðanatöku.
- Að virða rétt skjólstæðings til bestu mögulegar þjónustu.
- Að taka tillit til gildismats og lífsvenja skjólstæðings.
- Að tryggja skjólstæðingi trúnað og framfylgja þagnarskyldu.
- Að taka tillit til andlegra, líkamlegra og félagslegra þarfa skjólstæðings (þ.e. að haga umönnun og meðferð á heildrænan hátt).
- Að viðurkenna að upplifun skjólstæðingsins sé það sem öllu máli skiptir.
- Að vernda skjólstæðing fyrir fylgikvillum flókinnar meðferðar og tækni.
- Að líta svo á að aðstandendur sjúklings séu einnig skjólstæðingar deildarinnar og líðan þeirra og skoðanir skipti máli.
- Að líta svo á að aðstandendur séu mikilvægir þátttakendur í meðferð og endurbata sjúklings.
- Að veita sjúklingi og ástvinum hans upplýsingar og fræðslu um meðferð, ástand og horfur, svo og undirbúning og stuðning við hið ókomna.

